



Embættisafgreiðsla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

1.	Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um eflingu barnamenningar
----	--

Forsætisráðuneytið
Lækjargötu
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um eflingu barnamenningar

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 18. janúar 2023, þar sem kynnt eru til samráðs drög að tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um eflingu barnamenningar á Íslandi fyrir árin 2024 –2028.

Reykjavíkurborg fagnar þeirri stefnumótun í barnamenningu sem felst í tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um eflingu barnamenningar á Íslandi. Með henni er undirstrikað mikilvægi menningarlæsis, menningarþátttöku og miðlun menningararfs í uppvexti og skólastarfi barna og ungmenna. Barnamenningu á Íslandi er gefið það vægi sem hún verðskuldar.

Þessi áhersla er í góðu samræmi við áherslur Menntastefnu Reykjavíkurborgar, *Látum draumana ræfast* en grunnþættir hennar eru m.a. læsi, félagsfærni, sköpun, sjálfsefling og heilbrigði sem allt eru þættir sem menningarþátttaka og menningarlæsi styður við.

Það mun þjóna börnum í borginni eins og börnum um allt land að auka samhæfingu og efla stefnumótun á sviði barnamenningar, auka listfræðslu fyrir börn og ungmenni og festa í sessi starfsemi barnamenningarverkefnisins *List fyrir alla* og *Barnamenningarsjóðs Íslands*.


Tilkoma *Listar fyrir alla* og *Barnamenningarsjóðs* hefur haft jákvæð áhrif á umhverfi barnamenningar á Íslandi. Framboð stórra og smárra barnamenningarverkefna hefur aukist svo um munar, börnum til heilla, en einnig hefur þeim sem vilja vinna að listsköpun með og fyrir börn verið gefið sterkara starfsumhverfi og aukin tækifæri til að vinna að sinni list.

Með stofnun miðstöðvar um barnamenningu verður þeirri óvissu sem ríkt hefur um *Barnamenningarsjóð* eytt og *List fyrir alla* fest í sessi og það er mikilvægt fyrir framtíð barnamenningar á Íslandi.

Mikilvægt er að benda á að þegar horft er til barnamenningar sé einnig horft á leikskólastigið en eins og *List fyrir alla* starfar í dag hefur starfsemin einungis beinst að börnum á grunnskólaaldri. *List fyrir alla* hefur hingað til lagt meiri áherslu á verkefni utan Reykjavíkur en Reykjavíkurborg telur mikilvægt að aðgengi að þeim frábæru listverkefnum sem *List fyrir alla* býður börnum á vettvangi grunnskólans upp á verði í auknu mæli í boði fyrir reykvísk börn.

Stuðningi er lýst við þessa framkvæmd þó að hún veki áhyggjur af því að allir aðrir menningarsjóðir sem hægt hefur verið að sækja pening í fyrir verkefni tengd barnamenningu dragi sig út úr styrkjum til barnmenningartengdra verkefna. Í einhverjum tilfellum beinast verkefnin ekki að börnum heldur fjalla um barnamenningu á vettvangi listafólks eða fullorðinna og þá er mikilvægt að áfram séu til sjóðir fyrir slíkt.

Virðingarfyllt,



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs